

## Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um tekjur og gjöld ríkisins af íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi.

1. Hverjar eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árunum 1999–2000 af gjöldum, svo sem tollum og virðisaukaskatti, af íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi í landinu?

### 1.1 Virðisaukaskattur.

Samkvæmt 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er íþróttastarfsemi undanþegin virðisaukaskatti. Nánar tiltekið segir í ákvæðinu að undanþegin virðisaukaskatti sé „íþróttastarfsemi, svo og leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi, aðgangseyrir að sundstöðum, skíðalyftum, íþróttamótum, íþróttasýningum og heilsuræktarstofum.“ Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra má einnig ætla að verulegur hluti æskulýðs- og tómstundastarfsemi sé undanþegin virðisaukaskatti sem liður í félagslegri þjónustu, sbr. 2. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Starfsemi sumarþúða fyrir börn er dæmi um hið síðarnefnda.

Íþróttá- og tómstundastarfsemi fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskattslaga. Mörg íþróttá- og tómstundafélög stunda hins vegar talsverða virðisaukaskattskylda starfsemi sem fellur utan hinnar eiginlegu íþróttastarfsemi, svo sem rekstur veitingasölu, sölu auglýsinga á búninga, keppnisvelli og í leikskrár, flugeldasölu og sölu jólatrjáa, sbr. eftirfarandi töflu frá embætti ríkisskattstjóra.

#### Virðisaukaskattskyld starfsemi íþróttá- og tómstundafélaga, þús. kr.

Atvinnu- grein	Fjöldi	Ár	S-24,5%	S-14%	Undan- þegin velta	Heildar velta	Út- skattur	Inn- skattur	Álagning
92.61	44	1999	20.876	1.836	20.910	43.623	5.372	3.426	1.945
92.61	37	2000	15.402	2.426	15.668	33.496	4.113	3.611	502
92.62	685	1999	323.460	27.616	147.998	499.074	83.114	49.812	33.302
92.62	628	2000	288.628	18.584	172.831	480.044	73.316	42.022	31.294
92.72	175	1999	85.960	29.517	12.913	128.390	25.193	19.361	5.832
92.72	163	2000	94.765	29.186	7.493	131.444	27.303	19.708	7.595
<b>Samtals</b>		<b>199</b>	<b>430.296</b>	<b>58.969</b>	<b>181.821</b>	<b>671.087</b>	<b>113.678</b>	<b>72.599</b>	<b>41.079</b>
<b>Samtals</b>		<b>200</b>	<b>398.796</b>	<b>50.196</b>	<b>195.992</b>	<b>644.984</b>	<b>104.732</b>	<b>65.341</b>	<b>39.392</b>

Skýringar á töflu.

Atvinnugrein = Atvinnugrein samkvæmt atvinnugreinaflokkun ÍSAT 95

92.61 = Rekstur íþróttamannvirkja

92.72 = Önnur ótalin tómstundastarfsemi

S-24,5% = Skattskyld velta, 24,5 %

92.62 = Önnur íþróttastarfsemi

Fjöldi = Fjöldi aðila

S-14% = Skattskyld velta, 14 %

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra var álagning virðisaukaskatts, eftir atvinnugreinaflokkun ÍSAT 95, í atvinnugreinum 92.61, 92.62 og 92.72, fyrir árin 1999 og 2000, eins og fram kemur í töflunni. Athygli er vakin á því að álagning vegna síðustu tveggja mánaða ársins 2000 hefur enn ekki farið fram og ná upplýsingarnar því ekki til hinna óálögðu tímabila. Af tölunum má ráða að íþrótt- og tómstundafélög stundi virðisaukaskattskylda starfsemi í nokkrum mæli, eins og áður var nefnt.

## 1.2 Tollar.

Í tollskrá 2001 ber kafli 95 heitið „Leikföng, leikspil og íþróttabúnaður; hlutar og fylgi-hlutir til þessara vara“. Í kafla 95 eru m.a. eftirfarandi undirflokkar:

9503 Önnur leikföng, smækkuð líkön og áþekk tómstundalíkön.

9504 Hlutir til samkvæmisleikja, borð- eða spilastofuleiktæki, pinnaborð, biljarðborð o.fl.

9505 Hlutir til skemmtana eða annars hátíðarhalds.

9506 Hlutir og búnaður til almennrar líkamsræktar, fimleika, frjálsra íþróttar, annarra íþróttar eða útileikja.

9507 Veiðistangir, önglar og annar búnaður til veiða á línu; fiskháfar, fiðrildaháfar og áþekk net; tálfluglar og áþekkur veiði- eða skotbúnaður.

9508 Hringekjur, rólur, skotbakkar og annar búnaður fyrir skemmtigarða.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun var heildarverðmæti (CIF-verð) innflutnings vara sem falla undir 95 kafla tollskrárinnar 1.289 millj. kr. árið 1999. Árið 2000 var samsvarandi heildarverðmæti vara sem falla undir 95 kafla tollskrárinnar 1.546 millj. kr.

Þau gjöld sem eru lögð á vörur í kafla 95 geta verið tollur og virðisaukaskattur. Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóranum í Reykjavík voru tollar og virðisaukaskattur af undirflokkum 9503, 9504, 9505, 9506, 9507 og 9508 eftirfarandi á árunum 1999–2000.

### Tollar og virðisaukaskattur árið 1999, millj. kr.

Tollskrárflokkur	Gjalda- eða tollategund	Aðflutningsgjöld
9503	Tollur (0/10 %)	23
9503	VSK (24,5 %)	96
9504	Tollur (0/10 %)	14
9504	VSK (24,5 %)	49
9505	Tollur (0/10 %)	10
9505	VSK (24,5 %)	34
9506	Tollur (0/10 %)	18
9506	VSK (24,5 %)	92
9507	Tollur (0/10 %)	5
9507	VSK (24,5 %)	36
9508	Tollur (0/10 %)	0
9508	VSK (24,5 %)	0
<b>Samtals</b>		<b>377</b>

**Tollar og virðisaukaskattur árið 2000, millj. kr.**

<b>Tollskrárflokkur</b>	<b>Gjalda- eða tollategund</b>	<b>Aðflutningsgjöld</b>
9503	Tollur (0/10 %)	27
9503	VSK (24,5 %)	104
9504	Tollur (0/10 %)	15
9504	VSK (24,5 %)	67
9505	Tollur (0/10 %)	12
9505	VSK (24,5 %)	37
9506	Tollur (0/10 %)	22
9506	VSK (24,5 %)	110
9507	Tollur (0/10 %)	5
9507	VSK (24,5 %)	34
9508	Tollur (0/10 %)	0
9508	VSK (24,5 %)	0
<b>Samtals</b>		<b>433</b>

Yfirlitið takmarkast við tekjur ríkissjóðs af tolli og þeim hluta virðisaukaskatts sem innheimtur er í tolli, þar sem ekki er unnt að reikna út með sæmilegri vissu tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti sem lagður er á viðkomandi vörur á heildsölu- og smásölustigi.

**1.3 Tekju- og eignarskattur.**

Æskulýðs-, íþróttá- og tómsundastarfsemi er undanþegin tekju- og eignarskatti, sbr. 6. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt. Ákvæðið kveður á um að félög, sjóðir og stofnanir sem ekki stunda atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni greiði hvorki tekjuskatt né eignarskatt. Þó er ekki alveg einhlítt að íþróttá- og tómsundastarfsemi sé undanþegin tekju- og eignarskatti þar sem íþróttá- og tómsundastarfsemi getur í einhverjum tilfellum falið í sér atvinnurekstur.

Taflan hér á eftir er byggð á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um skatta lögaðila af rekstri sem fellur undir fyrrgreinda flokka íslensku atvinnugreinaflokunarinnar, ÍSAT 95, fyrir árin 1998 og 1999. Ekki er unnt að veita upplýsingar um skatta ársins 2000 þar sem álagningu vegna ársins 2000 er ólokið.

**Skattar af íþróttá- og tómsundastarfsemi 1998 og 1999, þús. kr.**

<b>Atvinnugrein</b>	<b>Ár</b>	<b>Tekjuskattur</b>	<b>Eignarskattur</b>
92.61	1998	0	71
92.61	1999	104	111
92.62	1998	1.369	332
92.62	1999	4.664	1.253
92.72	1998	1.010	206
92.72	1999	2.054	635
<b>Samtals</b>	<b>1998</b>	<b>2.379</b>	<b>609</b>
<b>Samtals</b>	<b>1999</b>	<b>6.822</b>	<b>1.999</b>

Skýringar á töflu.

Atvinnugrein = Atvinnugrein samkvæmt atvinnugreinaflokkun ÍSAT 95

92.61 = Rekstur íþróttamannvirkja

92.62 = Önnur íþróttastarfsemi

92.72 = Önnur ótalin tómsundastarfsemi

Taflan miðast við stöðu álagningar 20. febrúar 2001.

2. Hvaða tekjur aðrar fær ríkissjóður af þessari starfsemi?

Ríkissjóður hefur óbeinar tekjur af íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi, eins og af margvíslegri annarri starfsemi í landinu. Nefna má tekjuskatt þeirra sem vinna við umrædda starfsemi. Laun starfsmanna íþróttafélaga, þ.m.t. leikmanna, eru eins og önnur laun tryggingargjaldsskyld, svo og reiknað endurgjald sjálfstætt starfandi manna er selja íþróttafélögum þjónustu sína.

3. Hver er sundurliðaður fjárhagslegur stuðningur ríkisins, þar með talið allra ráðuneyta, við starfsemina í ár og hver var hann síðastliðin fimm ár?

Í fjárlögum taka fjárlagaliðir 02-988 og 02-989 til æskulýðsmála og ýmissa íþróttamála. Í eftirfarandi töflu er sundurliðaður fjárstuðningur ríkisins síðustu fimm ára vegna þessarra tveggja fjárlagaliða, auk slysatrygginga íþróttafélaga. Hér er um bein framlög að ræða. Ekki liggja fyrir sérgreindar tölur um fjárhagslegan stuðning ríkisins við tómstundastarfsemi. Samkvæmt ríkisreikningi hefur beinn fjárhagslegur stuðningur ríkisins til æskulýðsmála og íþróttamála síðustu fimm árin verið sem hér segir:

**Stuðningur ríkisins samkvæmt ríkisreikningi, millj. kr.**

Ár	Æskulýðsmál, fjárlagaliður 02-988	Ýmis íþróttamál, fjárlagaliður 02-989	Slysatryggingar íþróttafélaga	Samtals
1995	33	86	37	156
1996	31	89	37	157
1997	34	126	39	199
1998	32	143	42	217
1999	44	161	45	247
2000	46	181	45	272

**Stuðningur ríkisins á föstu verðlagi ársins 2000, millj. kr.<sup>1</sup>**

Ár	Æskulýðsmál, fjárlagaliður 02-988	Ýmis íþróttamál, fjárlagaliður 02-989	Slysatryggingar íþróttafélaga	Samtals
1995	37	98	43	178
1996	34	100	41	175
1997	38	137	44	219
1998	35	155	45	235
1999	46	169	44	259
2000	46	181	45	272

Fyrirvari er hafður á tölunum fyrir árið 2000 þar sem ekki er búið að endurskoða ríkisreikning fyrir það ár. Þess ber að geta að einnig er gert ráð fyrir framlagi til íþrótta- og tómstundamála í framlögum til grunn- og menntaskóla og nokkuð er um að íþrótta- og tómstundafélög hafi styttri eða lengri afnot af eignum ríkisins, húseignum o.fl. endurgjaldslaust. Þá er hér einnig ótalin sá fjárhagslegi ávinningur sem íþróttahreyfingin nýtur samkvæmt einkaleyfi og skattaundanþágum í tengslum við lottóstarfsemi sína.

<sup>1</sup> Á mælikvarða neysluvöruverðs.